

Val á matsmönnum

Við kvaðningu matsmanna fyrir Viðlagatryggingu Íslands skal fara eftir neðangreindum viðmiðunarreglum:

1. Val á verktökum

- 1.1. Við gerð samnings um tjónamat skal að jafnaði forgangsraða skv. mynd 1.
- 1.2. Þegar um er að ræða einstök matsverkefni sem krefjast ekki sérþekkingar á verkefnum Viðlagatryggingar Íslands er heimilt að víkja frá reglum um forgangsröðun í þeim tilgangi að þjálfa upp hæfa matsmenn til starfa hjá Viðlagatryggingu Íslands. Einnig geta landfræðilegar aðstæður orðið þess valdandi að vikið sé frá almennum reglum um forgang.
- 1.3. Fyrirtæki úr forgangi 3 geta komið að matsstörfum þótt fyrirtæki úr forgangi 1 og 2 anni verkefnum, í þeim tilgangi að miðla reynslu og þekkingu til reynsluminni matsmanna. Með því er stuðlað að fjölgun hæfra matsmanna. Ávalt skal þó fylgja lið 2.1 og 2.4 í útteilingu matsverkefna.

Kröfur	Forgangur 1	Forgangur 2	Forgangur 3	Forgangur 4	Forgangur 5
Vottað gæðakerfi	ISO9001	ISO9001	ISO9001		
Reynsla	4 ár/50 tjónaskoðanir	4 ár/50 tjónaskoðanir		2 ár	2 ár eða
Menntun	BSc./iðnmeistari		BSc./iðnmeistari	BSc./iðnmeistari	BSc./iðnmeistari

Mynd 1

2. Við útteilingu einstakra tjónaskoðana skal hafa eftirfarandi í huga:

- 2.1. Að jafnaði skulu tveir matsmenn meta hvert tjón og a.m.k. annar þeirra skal uppfylla skilyrði reyns matsmanns.
- 2.2. Matsmenn geta verið fleiri en tveir ef þörf er fyrir frekari sérþekkingu.
- 2.3. Heimilt er að veita leyfi fyrir því að einungis einn matsmaður meti tjón, en skal hann þá uppfylla skilyrði reyns matsmanns. Matsmaður hefur umboð til að taka með sér aðstoðarmann án þess að viðkomandi uppfylli sérstakar kröfur.
- 2.4. Matsmenn í flokki 4 og 5 skv. forgangsröðun í lið 1 skulu vinna með matsmönnum í flokki 1, 2 og 3 og starfa í samræmi við ISO9001 gæðakerfi.
- 2.5. Heimilt er að veita leyfi fyrir því að einungis einn matsmaður/aðstoðarmatsmaður meti innbús- og lausafjártjón ef hann hefur reynslu af slíku tjónamati.
- 2.6. Í mjög stórum atburðum er VTÍ heimilt að veita leyfi fyrir því að tveir óreyndir starfsmenn fari saman til að meta innbús- og lausafjártjón. Tryggja skal þjálfun starfsmanna áður en þeir hefja störf.

Bls.1/2

Val á matsmönnum

3. Flokkun matsmanna

- 3.1. Verkefnastjóri skal að lágmarki hafa BSc/BA gráðu eða sambærilega menntun og með mjög góða þekkingu á sínu sviði. Hann skal hafa a.m.k. 10 ára reynslu sem nýtist verkefninu. Hann skal hafa umtalsverða reynslu sem verkefnisstjóri eða stjórnandi og hafa unnið í leiðandi störfum.
- 3.2. Reyndur matsmaður skal hafa BSc gráðu, meistarapróf í iðngrein eða sambærilega menntun, a.m.k. 4 ára reynslu sem nýtist í tjónamati og reynslu af a.m.k. 50 tjónaskoðunum fyrir VTÍ.¹
- 3.3. Matsmaður skal hafa BSc gráðu, meistarapróf í iðngrein eða sambærilega menntun og 2 ára reynslu sem nýtist í tjónamati.
- 3.4. Aðstoðarmatsmaður með 2 ára reynslu af tjónamati. Ekki er gerð krafa um tiltekna menntun en sú reynsla sem viðkomandi býr yfir þarf að nýtast í þeim verkefnum sem unnið er við hverju sinni.

Bls.2/2

¹ Reynsla á vinnumarkaði getur í undantekningatilvikum verið metin til jafns á við menntun, ef hún nýtist augljóslega til þeirra starfa sem viðkomandi er ráðinn til.